

það síðan að hljóta afgreiðslu í ríkisráði. Krafðist hann þess, að málið yrði á ný vegna þessara atriða sent dómismálaráðuneytinu til fyrirgreiðslu um þá meðferð, sem hann teldi lögum samkvæma.

Eftir að dómari hafði synjað um sendingu málsins á ný til dómismálaráðuneytisins, hefur ákærði krafizt frávisunar málsins með tilvísun til framanritaðs og þess, að hann telji það venju, að beiðni um náðun og niðurfellingu saksóknar sé send dómara málsins til umsagnar.

Málefni þetta hefur verið borið undir dómismálaráðuneytið, sem hefur látið uppi það álit sitt, sbr. dskj. nr. 28, að eigi beri að taka til greina hina nýju frávisunarkröfu ákærða.

Þar sem dómari telur, að meðferð dómismálaráðuneytisins á máli þessu sé lögmæt, tekur hann eigi þessa frávisunarkröfu ákærða til greina.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa ákærða verður eigi tekin til greina.

Mánudaginn 16. júní 1958.

Nr. 82/1958. **Ákærvaldið**
 gegn
Herði Ólafssyni

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um lögmæti ákæru. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júní 1958, og hefur dómismálaráðherra veitt samþykki sitt til kærunnar. Hér fyrir dómi hefur ákærði eigi gert neinar kröfur, en ætla verður, að hann kæri í því skyni, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur.

Dómismálaráðherra hefur eigi með höfðun aðalmálsins farið út fyrir valdmörk sín, sbr. 20. gr. laga nr. 27/1951. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. júní 1958.

Í máli þessu, sem höfðað er gegn ákærða, Herði Ólafssyni héraðsdómslögmanni, Smiðjustíg 4, hér í bæ, með ákæruskjli, útgefna af dómsmálaráðherra hinn 29. nóvember 1957, er honum gefið að sök, að hafa á árunum 1953 og 1954 keypt allmarga víxla af Gunnari Hall, Víðimel 64, hér í bæ, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndal h.f., hér í bæ, samþykka af Gunnari Hall f. h. fyrirtækisins, en útgefna og framselda af honum persónulega, með hærri vöxtum en leyfðir eru í lögum nr. 73/1933.

Var mál ákærða rannsakað í sambandi við rannsókn í fjárprotamáli Ragnars Blöndal h.f., og komu í þeirri rannsókn fram fjölmargar fjárútveganir Gunnars Hall fyrir fyrirtækið og með ýmsum kjörum.

Nú hefur ákærði krafizt þess, að máli þessu gegn sér verði vísað frá dómi og byggir hann þá kröfu á því, að í rannsókninni komi fram, að allmargir menn hafi átt viðskipti við Gunnar Hall, sem jafna megi til þeirrar háttsemi, sem hann er ákærður fyrir, en gegn þeim hafi eigi verið höfðað mál, svo sér sé kunnugt. Nafngreinir hann tíu menn í þessu sambandi og heldur því fram, að í þessu efni hljóti að gilda sama meginregla og fram kemur í 27. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940. Virðist hann halda því fram, að annaðhvort hafi átt að ákæra sig og alla þessa menn eða þá engan.

Krafa þessi hefur verið borin undir dómsmálaráðueytið, sem hefur lýst því álitu sínu, að eigi beri að taka kröfuna til greina.

Rannsókn fjárprotamáls Ragnars Blöndal h.f. var á sínum tíma send dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar, og höfðaði ákærvaldið mál gegn ákærða og fjórum öðrum mönnum fyrir brot gegn lögum nr. 73/1933 í viðskiptum við fyrirtækið og Gunnar Hall. Verður eigi annað séð en að ákærvaldið hafi haft heimild til útgáfu ákæruskjalsins í máli þessu, og verður frávísunarkraftan því eigi tekin til greina.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa ákærða verður ekki tekin til greina.